

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Holtamannaafréttar.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Holtamannaafréttar.

### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

### 3. gr.

Félagið tekur yfir Þórisvatn allt og önnur vötn á Holtamannaafrétti, aðrennsli þeirra, svo og frárennsli að Tungnaá. Aðild að félaginu eiga allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holtahreppi og Landhreppi, ásamt Næfurholti og Hólum í Rangárvallasýslu, en þær eru:

#### Í Ásahreppi:

Ás I, Ás II, Ás III, Ás IV, Áshóll, Ásmúli, Ásmundarstaðir I, vesturbær, Ásmundarstaðir II, austurbær, Ásmundarstaðir III, Berustaðir I, Berustaðir II, Bólstaður, Borgarholt, Efri-Hamrar, Sumarliðabær I, efri, Framnes, Hamrahóll, Hárlaugsstaðir, Heiði, Hellnatún I, Hellnatún II, Herriðarhóll, Húsar II, austurbær, Húsar I, austurbær, Kálfholt, Kastalabrekka, Krókur, Lindarbær, Lækjartún, Sumarliðabær II, neðri, Rifshalakot I, Sel, Syðri-Hamrar I, vesturbær, Syðri-Hamrar II, austurbær, Vtleifsholt I, Vtleifsholt II, Þjórsártún.

#### Í Djúpárhreppi:

Bali I, Bali II, Bjarg, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, suðurbær, Brautartunga, Brekka, Búð, Hali, Háteigur, Hávarðarkot, Hrafnóftir I, Hrafnóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Rangá, Sandhólaferja, Sigtún, Dísukot I, Dísukot II, Eyrartún, Háþær I, Háþær II, Háfshjáleiga, Háfur, Háirimi I, Háirimi II, Skarð, Skinnar, Smáratún, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tjörn, Tobbakot I, Tobbakot II, Unhóll I, vesturbær, Unhóll II, austurbær, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Önnupartur.

#### Í Holtahreppi:

Árbæjarhellir, Árbær, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún, Lyngás, Litla-Tunga I, Litla-Tunga II, Efri-Rauðalækur, Brekkur I, Brekkur II, Syðri-Rauðalækur, Arnkötlustaðir, Meiri-Tunga I, Meiri-Tunga II, Meiri-Tunga III, Meiri-Tunga IV, Þjóðólfshagi I, Þjóðólfshagi II, Fosshólar, Lýtingsstaðir, Hvammur, Nefsholt I, Laugaland með Nefsholti II, Gata, Marteinstunga, Hallstún, Bjálmholt, Ölversholt, Ölversholtshjáleiga, Pula, Kaldakinn, Mykjunes, Skammbeinsstaðir I, Skammbeinsstaðir II, Skammbeinsstaðir III, Skammbeinsstaðir IV, Þverlækur, Lækur I, Lækur II, Akbraut, Stúfholt I, Stúfholt II, Saurbær, Kaldárholt, Ketilssstaðir, Hagi, Guttormshagi, Kviárholt, Hreiður, Raffholt, Gísholt, Kambur.

#### Í Landmannahreppi:

Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Árbakki, Bjalli, Efra-Sel, Fellsmúli, Flagbjarnarholt efra, Flagbjarnarholt neðra, Galtalækur, Hellar, Heysholt, Hjallanes I, Hjalla-

nes II, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfsstaðahellir með Tjörfastöðum, Húsagarður, Hvammur, norðurbær með Árbæ og Hvammi III, Hvammur, suðurbær, Króktún, Leirubakki I, Leirubakkahóll, Lunansholt, Lækjarbotnar, Merkihovoll, Minni-Vellir, Múli með Litla-Klofa, Neðra-Sel, Réttarnes, Skarð með Skarðseli, Skarfanes, Snjallsteinshöfði, Stóri-Klofi, Borg, Eskiholt, Mörk, Ósgröf, Skarðstorfa, Stóru-Vellir, Yrjar, Vatnagarður, Vindás, Þúfa, Lunansholt II.

### Í Rangárvallahreppi:

Næfurholt, Hólar.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði, eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni, þó skal aðeins leyfð stangarveiði í Þórisvatni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Um málefni annarra vatna á félagssvæðinu en Þórisvatns fjalla aðeins atkvæðisbærir aðilar úr Ásahreppi og Djúpárhreppi.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur, og skulu þeir kjörnir þannig, að einn verði úr hverjum eftirtaldrá hreppa: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holtahreppi og Landhreppi ásamt Næfurholti og Hólum. Fimmti stjórnarmaðurinn skal kjörinn úr Ásahreppi eða Djúpárhreppi. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal fjóra varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að tveir varamenn og annar endurskoðandinn ganga úr annað árið og hinir hitt árið.

#### 6. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 7. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

#### 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf, og skal hafa sérstakt reikningshald fyrir Þórisvatn.

#### 9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er verði í tveimur deildum, A Þórisvatn, B önnur vötn á afréttinum. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Sektir renna í ríkissjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. maí 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

30. maí 1972.

Nr. 132.

## GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Sauðárkróks.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

#### 2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári,

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. liter. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. liter.

### II. KAFLI

#### 4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald er kr. 220.00 á mánuði fyrir hvern mínútultr. í hámarksstillingu hemils.

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvisun reiknings eða